


Flokkun Eyjafjörður ehf.

Grænt bókhald

vegna ársins 2009



FLOKKUN

Mái 2010


Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Almennar upplýsingar	4
Umhverfisstefna Flokkunar	5
Afmörkun starfseminnar – Áhrifaþættir í umhverfismálum	6
Hráefnis- og auðlindanotkun	9
Framkvæmdir árið 2009	9

Yfirlýsing stjórnar

Hér birtist skýrsla Flokkunar Eyjafjörður ehf. um grænt bókhald fyrir urðunarstað úrgangs á Glerárdal fyrir árið 2009, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemin á urðunarstaðnum felst í móttöku úrgangs, þjöppun hans og frágangs yfirlags. Starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn rann út um 1. júlí 2009. Sótt var um nýtt starfsleyfi og þær breytingar gerðar að aðeins var sótt um leyfi til tveggja ára og fyrir mun minna svæði en fyrra starfsleyfi náði yfir. Undanþága frá starfsleyfi var veitt á meðan gengið er frá hinu nýja starfsleyfi. Fyrir hönd stjórnar Flokkunar Eyjafjörður staðfestir stjórnarformaður þessa skýrslu um grænt bókhalds fyrirtækisins.

Akureyri 10. maí 2009.



Hermann J. Tómasson

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Flokkunar Eyjafjörður ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2009. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum fyrirtækisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megin tilgangurinn með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla fyrirtækisins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskrri löggjöf, þar með talið:


- að kanna hvort tölulegar upplýsingar séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur fyrirtækisins hafa skilgreint
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innhald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna fyrirtækisins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Flokkunar Eyjafjörður ehf. um grænt bókhald á árinu 2009 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri 10. maí 2010

KPMG hf.



Almennar upplýsingar

Flokkun Eyjafjörður ehf. er einkahlutafélag í eigu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu. Sveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.

Stjórn

Hermann Jón Tómasson, formaður

Guðmundur Sigvaldason

Bjarnveig Ingvadóttir

Baldvin H. Sigurðsson

Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri Flokkunar Eyjafjörður ehf. er Eiður Guðmundsson.

Starfsleyfi

Fram til 1. júlí 2009 starfaði urðunarstaðurinn á Glerárdal samkvæmt starfsleyfi sem gefið var út á árinu 2004. Eftir 1. júlí 2009 og á meðan vinnsla við nýtt starfsleyfi stendur yfir er urðunarstaðurinn rekinn með undanþágu frá starfsleyfi. Eftirlit með starfsemi er í höndum Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækjaflokkur

Starfsemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur þar af leiðandi undir fyrirtækjaflokk 5.4 skv. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Bókhaldstímabil

Bókhaldstímabilið nær yfir árið 2009 frá 1. janúar til 31. desember.

Umhverfisstefna Flokkunar

Umhverfisstefna Flokkunar Eyjafjörður ehf. er:

- Að Flokkun sé til fyrirmyndar varðandi orkunýtingu, úrgangsstjórnun og endurvinnslu og stuðli þannig að lágmörkun umhverfisáhrifa af starfsemi fyrirtækisins.
- Að umhverfisstjórnunarkerfi Flokkunar uppfylli ávallt kröfur alþjóðastaðalsins ISO 14001 eins og hann er á hverjum tíma og sé í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi fyrirtækisins.
- Að vinna stöðugt að umbótum á svið umhverfismála í rekstri fyrirtækisins.
- Að Flokkun sé umhverfisvænn vinnustaður með vel þjálfað starfsfólk sem tryggir að starfsemin sé ávallt í samræmi við góða umhverfisstjórnun.
- Að starfsemi Flokkunar sé í samræmi við mælanleg markmið um stjórnun umhverfisþátta og lágmörkun umhverfisáhrifa.
- Að leitast við að nota visthæfa orkugjafa á eigin tæki og tæki undirverktaka sem starfa á vegum Flokkunar.
- Að stjórna innkaupum með tillit til þess að nota umhverfisvottaðar og/eða endurunnar vörur sé það mögulegt.
- Að draga markvisst úr notkun spilliefna og úrgangsmýndandi hráefna í rekstri fyrirtækisins.
- Að vinna markvist að endurvinnslu og endurnotkun innan fyrirtækisins.
- Að allir starfsmenn og samstarfsaðilar Flokkunar þekki Umhverfisstefnuna og starfi samkvæmt henni.

Afmörkun starfseminnar – Áhrifaþættir í umhverfismálum

Staðsetning og athafnarsvæði

Flokkun rekur urðunarstað sem er staðsettur í Glerárdal vestan Akureyrar og skrifstofu á Akureyri. Stærð þess svæðis sem urðunarstaðurinn nær yfir er u.þ.b. 1 hektari. Urðunarstaðnum fylgir bílavog og lítið vigtarhús.

Þegar komið er með úrgang til losunar er flutningstækið fyrst vigtað, því síðan ekið að losunar svæðinu og farmurinn losaður. Flutningstækið er síðan vigtað aftur að lokinni losun. Allar upplýsingar um farminn og úrgangshafa eru skráðar hjá starfsmanni í vigtunarskúr og bílstjórinn kvíttar fyrir losuninni. Starfsmaður á troðara staðfestir einnig tegundarflokk úrgangsins.

Úrganginum er þjappað í urðunarrein með troðara. Í lok hvers dags er sett timburkurl, múrbrots- og glerbrotssalli eða sandur yfir vinnslusvæðið til varnar forki. Þegar búið er að fylla urðunarrein er henni lokað með þykku jarðvegslagi.

Reksturinn á urðunarstaðnum fer að fram í verktöku. Verktaki er framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar.

Skrifstofa Flokkunar er staðsett að Furuvöllum 1 á Akureyri, þar vinna 3 starfsmenn. Á vegum skrifstofunnar fer m.a. fram upplýsinga og umhverfisráðgjöf til sveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Sveitarfélögin sjálf reka gámasstöðvar og grenndargáma hvert í sinni byggð.

Helstu umhverfisáhrif

Helstu áhrif urðunarstaðarins á umhverfið felast í landnýtingu og losun mengunarefna annars vegar með sigvatni og hins vegar losun til lofts. Þannig getur magn og gerð þess úrgangs sem urðað er haft mikil áhrif. Kappkostað er að nýta það land sem fer undir urðunarstaðinn sem best. Úrgangurinn er þjappaður saman og hann settur í lög hvert yfir annað. Í framtíðarskipulagi er svæðið skipulagt sem almennt útivistarsvæði, með gönguleiðum inn á Glerárdal og upp á fjallið Súgur.

Úrgangsmagn á árinu 2009

Heildarmagn úrgangs sem barst á urðunarstaðinn á árinu 2009 voru um 19.043 tonn og þar af voru 10.403 tonn urðuð. Mismunurinn nemur því magni sem fór í endurvinnslu og/eða flutnings, sem hér segir:

- lífrænn úrgangur til moltugerðar s.s. tað, timbur-, garða-, fiski-, kjöt- og sláturúrgangi. 5.000 tonn
- óflokkað timbur 1.155 tonn
- múrbrot/gler 2.485 tonn

Samtals 8.640 tonn

(Ath. nánari sundurliðun í meðfylgjandi skjali „Heildar úrgangur Flokkun 2009)

Urðaður úrgangur 2001-2009

Ár	Tonn	Íbúar	Kg/íbúa
2001	19960	21122	945
2002	21538	21353	1009
2003	19699	21553	914
2004	17509	21698	807
2005	16614	21832	761
2006	18906	22040	858
2007	17684	22423	789
2008	14977	23960	625
2009	10403	23983	434

Sýnatökur

ÍSOR hefur í mörg ár séð um helstu sýnatökur á Glerárdal og átti einnig að gera það á síðasta ári. Yfirleitt hefur verið farið í sýna tökur á bilinu september til nóvember hvert ár. Þessi hefðbundna sýnataka var einhverra hluta vegna ekki gerð sl. haust/vetur og höfum þar af leiðandi ekki neinar niðurstöðutölur fyrir árið 2009. Sýnataka var framkvæmd í byrjun maí 2010 en niðurstöður þeirra mælinga liggja ekki fyrir.

Í júní 2009 var verkferlum breytt þannig að einu sinni í mánuði er sýni tekið úr sigvatninu frá urðunarstaðnum þar sem mælt er hitastig og leiðni. Þau sýni eru alltaf tekin úr sama sýnatökustað: brunni.

Losun mengunarefna**Sigvatn**

Hefðbundin sýnataka var ekki framkvæmd árið 2009 og þar af leiðandi eru ekki til niðurstöðutölur það ár til samanburðar.

Sýnatökustaður: P-4	Mörk	2006	2007	2008
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	16	36	28
Ammoníak (mg/l)	10	<0,02	<0,02	<0,02
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	0,11	0,09	0,00009
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	0,000006	0,000005	<0,000002
Sýnatökustaður: P-2				
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	12	28	98
Ammoníak (mg/l)	10	6,68	6,69	44,8
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	0,13	0,09	0,001

Kvikasilfur (mg/l)	0,05	0,000002	0,000003	<0,000002
Sýnatökustaður: yfirfall				
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	306	453	-
Ammoníak (mg/l)	10	113	123	-
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	6,0	22	-
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	0,000003	<0,000002	-
Sýnatökustaður: brunnur				
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	308	451	467
Ammoníak (mg/l)	10	121	119	132
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	5,9	5,9	0,022
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	0,000003	0,000003	<0,000002

Niðurstöður mánaðarlegra mælinga úr brunni.

Mánuður	Leiðni (mS)	Hitast. við sýnatöku (°C)
Júní	9,64	5,1
Júlí	8,36	6,6
Ágúst	8,80	6,2
September	8,21	5,9
Október	7,67	4,9
Nóvember	6,98	4,2
Desember	6,70	6,0

Rennslismælingar

Rennslismælingar eru gerðar mánaðarlega, niðurstöður þeirra mælinga eru í meðfylgjandi skjali.

Gas

Gasmyndun á urðunarstaðnum var ekki mæld á árin 2009.

Hráefnis og auðlindanotkun

Aðföng og orkunotkun

Einu aðföngin sem keypt eru beint eru vegna rekstrar eigin tækis (troðara) og rafmagnsnotkun í vigtarskúr. Einnig er rafmagnsnotkun vegna skrifstofunnar en hún er inn í leigu og því hefur ekki verið hægt að fá það sundurliðað.

Magn aðfanga:

Díselolía um 14.665 L

Smurolía um 220 L

Rafmagn vigtarskúr var 28.561 kWh

Í yfirlag á urðunarstaðnum voru notuð um 552 tonn af timburkurli og um 2422 m³ af sandi.

Framkvæmdir árið 2009

Snemma á árinu 2009 var farið í verulegar framkvæmdir á urðunarstaðnum á Glerárdal. Var það svæði sem nota skal til urðunar fært og minnkað verulega. Urðun á þessu nýja svæði hófst í apríl og eldra svæðinu var þegar lokað með jarðvegi. Samhliða þessu var gengið frá gróðurlosunarsvæði þannig að ekki verður hjá því komist að allur gróður sé vigtaður.

Áfram var mikil áhersla lögð á betri flokkun á rekstrarúrgangi. Haft var samband við öll helstu fyrirtækin á svæðinu og þau hvött til betri flokkunar. Einnig var samráð haft við þau úrgangspjónustufyrirtæki sem starfa á svæðinu með að koma á betri flokkun hjá sínum viðskiptavinum. Jafnframt var eftirlit á urðunarstaðnum með óflokkuðum úrgangi hert til muna.

Síðast liðið sumar var áfram unnið að frágangi á gamla námusvæðinu og þar sem eitt sinn var gróðurlosunarsvæði. Ásýnd svæðisins í heild hefur lagast verulega.

Allur úrgangur til Flokkunar

Árið	Flokkun		Múrbrot		Molta						Úrðun				Heild		
	Í flokkun	Í úrgang	Í flokkun	Í úrgang	sláturúrg	fiskúrg.	dýrahæ	tað	gróður	gras	samtals	bláand úrg.	heiml.úrg	sláturúr.dýrahæ		í flokkun úrg.	annað *
Jan.	10.000	56.060	66.060	417.420	204.460	84.060	9.340	43.920	19.800	19.800	0	483.850	316.150	9.300	0	16.040	827.340
Feb.	20.520	59.120	79.640	81.540	190.740	59.800	1.080	163.120	5.640	5.640	0	111.360	274.050	7.660	306.290	8.780	708.140
Mars	28.200	62.780	90.980	68.740	222.300	72.760	0	135.200	6.740	6.740	0	176.050	314.770	16.460	264.370	17.060	788.710
Apr.	23.920	75.340	99.260	91.640	162.760	56.000	0	148.760	62.580	0	430.100	276.130	362.850	5.760	218.490	112.260	975.490
Mai	28.060	129.220	157.280	178.260	158.160	80.780	0	100.900	371.300	46.420	757.560	320.110	292.740	11.320	134.730	75.070	833.920
Jún.	25.280	169.320	194.600	237.760	131.480	57.600	0	25.260	155.980	590.800	961.120	403.070	348.220	13.750	135.860	27.860	928.760
Júl.	12.800	158.880	171.680	382.760	152.680	26.280	0	65.580	203.950	289.730	738.220	536.859	318.950	5.780	95.330	52.180	1.009.099
Ágú.	35.160	110.780	145.940	227.040	127.540	23.680	0	18.400	61.540	206.040	437.200	406.910	316.730	10.060	97.440	18.280	849.420
Sep.	28.890	107.970	136.860	166.900	343.780	33.820	0	82.660	96.170	27.700	584.130	341.780	319.330	10.760	153.550	51.660	877.080
Okt.	29.560	81.100	110.660	367.780	404.370	31.800	0	31.660	53.360	4.180	525.370	428.280	306.520	23.940	107.760	1.870	868.370
Nóv.	20.350	88.180	108.530	175.960	174.760	34.480	0	76.300	53.780	0	339.320	368.140	291.090	13.420	101.320	35.800	809.770
Des.	39.460	55.760	95.220	89.460	155.730	27.440	0	41.940	16.420	540	242.070	421.200	347.040	17.640	134.060	11.520	926.460
Samt.																	

*annað = sandur, fiskúrg. húsgögn o.fl.

Eftir 1. júlí fór allur slátur- og fiskúrgangur beint til jarðgerðarstöðvar Moltu en ennþá er tekjið á móti stöðefnum á Glerárdal og þau svo flutt þaðan til Moltu. Þar af leiðandi reiknast heildarúrgangur sem á úrðunarsað 20.578 - 1.536 = 19.043 tonn. Heildar jarðgerð er þá 6.234 - 1.536 = 4.698 og við það bætist flokkað timbur 4.698 + 302 = 5.000 tonn.

Rennslismælingar á Glerárdal 2009

	dags.	sýnatökustaður	lítrar	sek.	lítrar/sek.
2009	2.jan	Rennsli frá brunni í skurð	12	8,8	1,4
	2.jan	Rennsli í brunn frá haugum	12	5,3	2,3
	2.jan	Rennsli í gegnum ræsi	12	6,9	1,7
2009	3.feb	Rennsli frá brunni í skurð	12	18,8	0,6
	3.feb	Rennsli í brunn frá haugum	12	6,5	1,8
	3.feb	Rennsli í gegnum ræsi	12	18,8	0,6
2009	24.feb	Rennsli frá brunni í skurð	12	9,1	1,3
	24.feb	Rennsli í brunn frá haugum	12	6,2	1,9
	24.feb	Rennsli í gegnum ræsi	12	11,2	1,1
2009	mar.09	Rennsli frá brunni í skurð	12	5,5	2,2
	mar.09	Rennsli í brunn frá haugum	12	5,4	2,2
	mar.09	Rennsli í gegnum ræsi	12	9,1	1,3
2009	apr.09	Rennsli frá brunni í skurð	12	4,6	2,6
	apr.09	Rennsli í brunn frá haugum	12	4,5	2,7
	apr.09	Rennsli í gegnum ræsi	12	7,9	1,5
2009	4.maí	Rennsli frá brunni í skurð	12	3,2	3,8
	4.maí	Rennsli í brunn frá haugum	12	3,8	3,2
	4.maí	Rennsli í gegnum ræsi	12	4,7	2,6
2009	3.jún	Rennsli frá brunni í skurð	12	4,1	
	3.jún	Rennsli í brunn frá haugum	12	4,2	2,9
	3.jún	Rennsli í gegnum ræsi	12	8,2	1,5
2009	1.júl	Rennsli frá brunni í skurð	12	6,3	1,9
	1.júl	Rennsli í brunn frá haugum	12	5,0	2,4
	1.júl	Rennsli í gegnum ræsi	12	15,9	0,8
2009	27.júl	Rennsli frá brunni í skurð	12	5,7	2,1
	27.júl	Rennsli í brunn frá haugum	12	4,9	2,4
	27.júl	Rennsli í gegnum ræsi	12	45,7	0,3
2009	3.sep	Rennsli frá brunni í skurð	12	9,0	1,3
	3.sep	Rennsli í brunn frá haugum	12	6,0	2,0
	3.sep	Rennsli í gegnum ræsi	12	36,3	0,3
2009	2.okt	Rennsli frá brunni í skurð	12	8,5	1,4
	2.okt	Rennsli í brunn frá haugum	12	5,5	2,2
	2.okt	Rennsli í gegnum ræsi	12	18,8	0,6
2009	11.nóv	Rennsli frá brunni í skurð	12	5,7	2,1
	11.nóv	Rennsli í brunn frá haugum	12	11,0	1,1
	11.nóv	Rennsli í gegnum ræsi	12	12,5	1,0
2009	7.des	Rennsli frá brunni í skurð	12	7,3	1,6
	7.des	Rennsli í brunn frá haugum	12	5,1	2,4
	7.des	Rennsli í gegnum ræsi	12	8,6	1,4